

Stjórnarfundur no 7, 2013/2014

Ár 2014 miðvikudaginn 5. febrúar kom stjórn félagsins saman til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 19.00.
Formaður setti fundinn. og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist:

1. Kjarasamningarnir.

Rætt var um niðurstöður úr atkvæðagreiðslu um kjarasamningana og væntanlega kröfugerð fyrir næstu samninga, en frestur sem er gefinn til að koma með kröfurnar er til 15. febrúar sem þykir allt of stuttur miðað við aðstæðurnar sem hafa skapast vegna þess hve margir felldu samningana.

2. Stjórnarkjör – Listi uppstillinganefndar.

Úlfhildur fór yfir tillögur uppstillinganefndar vegna stjórnar og trúnaðarráðs og stjórnar sjúkrasjóðs fyrir starfsárið 2014-2015.

3. Starfsdagur trúnaðarmanna

Almenn ánægja var með daginn sem haldinn var 23. janúar s.l. Farið var yfir niðurstöður sem komu út úr hópavinnunni.

4. Styrkir úr sjúkrasjóði

Ræddar voru tillögur að breytingum á greiðslum styrkja úr sjúkrasjóði.
Engar ákvarðanir teknar á þessum fundi.

5. Fréttabréf FVSA

Ásgrímur Örn Hallgrímsson hefur verið fenginn til að sjá um útgáfuna.

7. Önnur mál

Einar Hjartarson sagði frá því að hann hefði farið á fund hjá Fjölsmiðjunni og gerði grein fyrir því hvað þar er í gangi.

Greiðandi félagsmenn FVSA skv. skýrslu til ASÍ vegna okt. nóv. og des að frádregnum þeim sem greiða af atvinnuleysisbótum og af fæðingarorlofi eru samtals 1.602 þar af starfandi í verslun 849 eða 53%.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson, Árni Þorvaldsson.

Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.